

Nd.

351. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Orðin »og má enginn vera í fleiri nefndum en tveimur« í 2. málsg. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi ný grein, er verður 17. gr., svo hljóðandi:
Sameinað þing skal í byrjun hvers þings kjósa fastanefnd, er nefnist utanrikismálanefnd, skipuð 7 mönnum. Skal til hennar vísað öllum utanrikismálum og þeim öðrum málum, sem sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanrikismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávalt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði um stundarsakir.

Í fyrsta sinn skal utanríkismálanefnd kosin þegar eftir að lög þessi öðlast gildi.